

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Ellidaárvogur/Ártúnshöfði – svæði 2A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 11. júlí 2024, tillögu að deiliskipulagi fyrir Ellidaárvog/Ártúnshöfða, svæði 2A. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af núverandi Ártúnshöfða til austurs, Ellidaám til vesturs og Stórhöfða (Borgarlínu) til suðurs. Til norðurs afmarkast deiliskipulagssvæðið út frá lóðamörkum sem afmarka lóð Sævarhöfða 12. Svæðið er um 5,48 ha að stærð þar sem gert er ráð fyrir íbúðum og blandaðri byggð ásamt tilheyrandi nærþjónustu. Heildarfjöldi íbúða á skipulagssvæðinu er 582. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt l. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 30. desember 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 30. desember 2024